

AUGLÝSING

**um staðfestingu aðalskipulags fyrir Arnarstapa, Breiðavíkurhreppi
1991 – 2011.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. desember 1992 staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Arnarstapa í Breiðavíkurhreppi, 1991 – 2011.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Breiðavíkurhrepps og skipulagsstjórnar ríkisins.

Með vísan til fyrirvara skipulagsstjórnar er frestað staðfestingu á legu nýs þjóðveggar og nánari útfærslu hafnarinnar þar til umhverfismat liggur fyrir.

Umhverfissráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi miðbæjar, Reyðarfjarðarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir miðbæ Reyðarfjarðarhrepps. Svæði það sem skipulagið nær til er einföld lóðaröð beggja vegna Búðargötu og við Búðareyri frá Búðará að Kvíagilslæk að norðan og að lóð nr. 15 að sunnan, einnig nær það til göngugötu og annarrar lóðarraðar handan hennar austan Búðargötu og sunnan Búðareyrar.

Uppdráttur deiliskipulags og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps.

Umhverfissráðuneytið, 2. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar við Oddnýjarhæð,
Reyðarfjarðarhreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 2. desember 1992 staðfest deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð við Oddnýjarhæð, Reyðarfjarðarhreppi. Mörk svæðisins að norðan eru suðurmörk skólalóðar, íbúðahverfis við Hæðargerði og útivistarsvæðis. Að sunnan afmarkast svæðið af suðurkanti Austurvegar. Þá nær það frá mörkum lóðar austan Heiðarvegar og að mörkum lóða vestan Ásgerðis.